

**Deloitte.**

# Skattadagur Deloitte.

## Afdráttarskattar

Andri Gunnarsson

12. janúar 2007

Hvað eru  
afdráttarskattar?



## Afdráttarskattar.

### Withholding tax

- Vel þekkt, þó lítið notað hugtak hér á landi - staðgreiðsla launagreiðanda, staðgreiðsla af fjármagnstekjum o.s.frv.
- Einföld skilgreining – greiðandi fyrir þjónustu heldur eftir og skilar sköttum fyrir þann sem móttækur greiðslu og veitir þjónustu.
- Umfjöllun í dag – Eingöngu staðgreiðsluskattar sem lögbundið er að halda eftir þegar átt er í viðskiptum við **erlenda aðila** er bera takmarkaða skattskyldu hér á landi.

## Hvað er takmörkuð skattskylda?

- Skattlagning sem byggir á hvar tekjur eru upprunar. Fjallar því um tekjur sem eru upprunar hér á landi, óháð því hvar aðili er heimilisfastur. Gildir um lögaðila eins og erlend fyrirtæki, félög og stofnanir sem **ekki** hafa fasta starfsstöð eða eru lögformlega skráð á Íslandi.
- Takmörkuð skattskylda – 3. gr. TSL.
  - Skylda erlendra aðila til að greiða tekjuskatt af tekjum sem eiga uppruna hér á landi? Jafnt einstaklingar sem lögaðilar.
  - Tekur til þjónustu sem er innt af hendi hér á landi. – 3. töluliður 3. gr. TSL
  - Tekur til tekna hér á landi af leigu, afnotum eða rétti til hagnýtingar á lausafé, einkaleyfum, hverskonar réttindum eða sérþekkingu, svo og söluhagnaði vegna slíkra eigna. – 6. töluliður 3. gr. TSL

## Hvaða greiðslur falla hér undir ?

- Athygli okkar beinist að 3. og 6. tl. 3. gr. TSL.
  - **Þjónusta 3. töluliður** – Öll sérfræðiþjónusta, ráðgjöf, tölvuþjónusta, verktakastarfsemi, fyrirlestrahald, o.sfrv. **Með öðrum orðum:** Allur atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi sem erlendur aðili hefur með höndum hér á landi sem ekki felur í sér sölu á vörum. – ATH: Verður að vera staddur hér landi þegar þjónusta veitt.
  - **Hagnýting, leiga 6. töluliður** – Sérleyfi (franchise), tölvuforrit, notkun teikninga af fasteignum, sýningaréttur á kvikmyndum, hagnýting höfundaréttar, leiga á vélum og tækjum nýtt hérlendis o.sfrv. – Öll hagnýting réttinda og sérþekkingar (UT: Leiga af loftförum og skipum). Erlendur aðili þarf ekki að vera staddur hér á landi.
- Greiddur arður, launagreiðslur og söluhagnaður bera einnig afdráttarskatt. Ekki til umfjöllunar hér.

Hver ber ábyrgð?



# Deloitte.

- **Ábyrgð samkvæmt tekjuskattslögum**

*“Þeir sem greiða aðilum, sem ekki eru heimilisfastir hér á landi, gjald fyrir leigu eða afnot af lausafé, einkaleyfi, framleiðslurétti, útgáfurétti eða sérþekkingu, arð af hlutafé eða endurgjald fyrir starfsemi eða þjónustu eða aðrar greiðslur, sem um er rætt í 3. gr., bera ábyrgð á sköttum viðtakenda vegna þessara greiðslna.” – 3. mgr. 116. gr. Tsl.*

- *“...stjórnarmenn félaga, sjóða og stofnana sbr. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. og 4 tl. 3. gr., bera óskipta ábyrgð á skattgreiðslum þessara aðila.” - 2. mgr 116. gr.*

- **Ábyrgð samkvæmt staðgreiðslulögum**

*“Launagreiðandi ber ábyrgð á þeim opinberu gjöldum sem hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt lögum þessum. Launamaður ber ekki ábyrgð á greiðslu opinberra gjalda sem hann sannar að launagreiðandi hafi haldið eftir af launum hans. Launagreiðandi og launamaður bera hins vegar óskipta ábyrgð á vanteknum opinberum gjöldum.” – 22. gr. Stgrl.*

- Til *launa* samkvæmt staðgreiðslulögum teljast m.a. greiðslur til aðila er bera takmarkaða skattskyldu hér á landi sbr. 5. gr. staðgreiðslulaga.
- Niðurstaða: Íslenski greiðandi ber ábyrgð á skattgreiðslum erlenda aðilans. Stjórnarmenn í félögum verða að fylgjast með – endanleg ábyrgð getur legið hjá þeim.


<b>Tegundir skattskyldrar greiðslu</b>	<b>%</b>	<b>Útsvar</b>	<b>Samtals</b>
<b><i>Greiðslur fyrir þjónustu / starfsemi innta af hendi <u>hér á landi</u>:</i></b>			
Greiðslur / þóknanir til <b>manna</b> t.d. Listamanna	15%	12,83%	<b>27,83%</b>
Greiðslur / þóknanir til <b>lögaðila</b> vegna listamanna	15%		<b>15%</b>
Afrakstur <b>manna</b> , listamanna eða annarra sem koma fram án ákveðinna launa /þóknunar	10%	12,83%	<b>22,83%</b>
Afrakstur <b>lögaðila</b> vegna listamanna eða annarra sem koma fram án ákveðinna launa /þóknunar	10%		<b>10%</b>
Greiðslur til sjálfstætt starfandi <b>manna</b> fyrir aðra þjónustu/starfsemi	15%	12,83	<b>27,83%</b>
Greiðslur til <b>lögaðila</b> fyrir aðra þjónustu og starfsemi	15%		<b>15%</b>
<b><i>Tekjur af leigu, afnotum eða rétti til hagnýtingar á lausafjármunum:</i></b>			
Tekjur manna	10%	12,83%	<b>22,83%</b>
Tekjur félaga með ótakmarkaða ábyrgð, t.d. sameignarfélög	26%		<b>26%</b>
Tekjur félaga með takmarkaða ábyrgð t.d hlutafélög	18%		<b>18%</b>
<b><i>Hagnaður af sölu lausafjár, einkaleyfa og réttindum / sérþekkingu</i></b>			
Tekjur manna	10%	12,83%	<b>22,83%</b>
Tekjur félaga með ótakmarkaða ábyrgð, t.d. sameignarfélög	26%		<b>26%</b>
Tekjur félaga með takmarkaða ábyrgð t.d hlutafélög	18%		<b>18%</b>
<b><i>Tekjur af leigu, afnotum, rétti til hagnýtingar á einkaleyfum, réttindum /sérþekkingu</i></b>			
Tekjur manna	25,75%	12,83%	<b>38,58%</b>
Tekjur félaga með ótakmarkaða ábyrgð, t.d. sameignarfélög	26%		<b>26%</b>
Tekjur félaga með takmarkaða ábyrgð t.d hlutafélög	18%		<b>18%</b>



## Frádráttur.

- Erlendur aðili sem fær tekjur samkvæmt 3. eða 6. tl. 3. gr. TSL getur dregið frá kostnað við öflun teknanna skv. túlkun Ríkisskattstjóra
- Kemur hins vegar fram í staðgreiðslulögum að afdráttur vegna greiðslna skv. 3. tl. 3. gr. TSL sé endanleg álagning.
- Best að fylgja túlkun skattstjóra og nýta frádráttarheimild.

**Deloitte.**



Hvað er til ráða?

## Undanþáguvottorð.

- Meginreglan er sú að halda ber eftir og standa ber skil af staðgreiðslu vegna greiðslnanna.
- Hinsvegar....
- Ef í gildi er **tvísköttunarsamningur** við það erlenda ríki er móttekur greiðsluna, þá þarf ekki að greiða staðgreiðslu hér á landi sé sótt um undanþáguvottorð
- Ríkisskattstjóri gefur út undanþáguvottorð
- Mikilvægt er að áréttu að sækja þarf um undanþágu þótt í gildi sé tvísköttunarsamningur.

## Tvísköttunarsamningar í gildi .

Bandaríkin	Færeyjar	Litháen	Spánn
Belgía	Grænland	Luxemburg	Sviss
Bretland	Holland	Noregur	Svíþjóð
Danmörk	Írland	Portúgal	Víetnam
Finnland	Kína	Rússland	Þýskaland
Eistland	Kanada	Pólland	Tékkland
Frakkland	Lettland	Slóvakía	Malta
Ungverjal.			

## Samantekt.

1. Er um greiðslu til erlends aðila að ræða?
2. Er tvísköttunarsamningur í gildi við viðkomandi ríki?  
Ef já þá sækja um undanþáguvottorð ef við á.
3. Hvers eðlis er greiðslan?
4. Um hvers konar aðila er að ræða?  
(Hlutafélag/Sameignafélag/Einstakling)
5. Skattprósenta fundin út samkvæmt töflu.
6. Skilagrein og greiðslu, ef við á, skilað í ríkissjóð.

Af hverju núna?



## Aðgerðir RSK.

- Athygli skattfirvalda er farin að beinast að þessum greiðslum.
- Ríkisskattstjóri gaf út orðsendingu í apríl þar sem skyldur og ábyrgð aðila vegna þessara afdráttaskatta eru kynntar
- Í framhaldi voru send bréf á fjölmörg fyrirtæki þar sem ítrekaðar voru þessar skyldur
- Gefur til kynna að skattfirvöld séu að fara að taka á þessum málum af alvöru

# Evrópusambandið og afdráttarskattar.





## Afdráttarskattar vs. EES.

- Sú spurning hlýtur að vakna hvort taka afdráttarskatta í tilvikum erlendra aðila sem eru heimilisfastir innan Evrópska efnahagssvæðisins standist EES samninginn.
- Tiltölulega augljóst?
  - Íslenskur aðili kaupir frekar þjónustu af innlendum aðila þar sem hann ber ekki ábyrgð á skattgreiðslum?
  - Spurning um þjónustufrelsi?
  - Dómur Evrópudómstólsins frá 9. nóvember sl.?
    - Greiddir fyrir verktakaþjónustu í Belgíu og þjónustuveitandi ekki skráður þar – 15% afdráttur og ábyrgð á skattgreiðslum.
    - Greiddir fyrir verktakaþjónustu og aðili skráður í Belgíu (innlendur eða erlendur) – Enginn afdráttur, engin ábyrgð.

# Deloitte.

© Deloitte Touche Tohmatsu 2006. All rights reserved.

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu, a Swiss Verein, its member firms, and their respective subsidiaries and affiliates. As a Swiss Verein (association), neither Deloitte Touche Tohmatsu nor any of its member firms has any liability for each other's acts or omissions. Each of the member firms is a separate and independent legal entity operating under the names "Deloitte", "Deloitte & Touche", "Deloitte Touche Tohmatsu", or other related names. Services are provided by the member firms or their subsidiaries or affiliates and not by the Deloitte Touche Tohmatsu Verein.